

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p>VERKLAGSREGLUR um viðurkenningar Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi</p>	<p>Bls. 1 af 1</p> <p>Ábm. MDB</p> <p>Samp. í háskólaráði 5. september 2013 Málsnr: HÍ13010015</p>
--	--	--

Endurskoðaðar verklagsreglur, samp. á fundi háskólaráðs 5. september 2013

1. Almenn

Háskóli Íslands veitir árlega þremur starfsmönnum viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi. Forsendur viðurkenningar eru ágæti í kennslu, rannsóknum, stjórnun eða í öðrum störfum í þágu háskólans. Veiting viðurkenninganna er liður í formlegu gæðakerfi Háskóla Íslands.

2. Valnefnd

Rektor skipar tvo menn í valnefnd, annan úr hópi fyrrverandi fastráðinna kennara háskólans og hinn úr hópi fyrrverandi nemenda, sem ásamt rektor eða fulltrúa hans velja úr tilnefningum og ákveða hverjir hljóta hina árlegu viðurkenningu. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn og er rektor eða fulltrúi hans formaður hennar.

3. Tilnefningar

1. Kennslumálanefnd háskólaráðs gerir tillögu til valnefndar um þrjá einstaklinga sem hún metur hæfa til að fá viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur eða sérstök nýmæli í kennslu.
2. Vísindanefnd háskólaráðs gerir tillögu til valnefndar um þrjá einstaklinga sem hún metur hæfa til að fá viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í rannsóknum eða nýsköpun.
3. Skrifstofa rektors auglýsir f.h. valnefndar á háskólavefnum eftir tillögum frá starfsfólki skólans um einstaklinga sem náð hafa lofsverðum árangri í starfi á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknum.

Tilnefningum er skilað til skrifstofu rektors og skal fylgja með þeim rökstuðningur (1/2 bls.) sem tekur mið af framangreindum forsendum sem liggja til grundvallar viðurkenningunum. Farið er með allar tilnefningar sem trúnaðarmál.

4. Tilkynning

Niðurstaða valnefndar er tilkynnt við opinn viðburð og afhendir rektor handhöfum viðurkenninganna verðlaun við það tækifæri.

5. Verðlaun

Viðurkenningarnar eru veittar í formi viðurkenningarskjals, ásamt greinargerð valnefndar og peningaverðlaunum.

Skýring: Árið 1999 samþykkti háskólaráð að veita árlega þremur starfsmönnum Háskóla Íslands viðurkenningu og peningaverðlaun fyrir lofsverðan árangur í starfi. Hefur þessi háttur verið hafður á allar götur síðan, að undanskildum árunum 2008-2011 þegar hlé var gert á verðlaunaafhendingunni í sparnaðarskyni. Hefur veiting viðurkenningarinnar fallið í góðan farveg og var þráðurinn tekinn upp að nýju árið 2012. Upphaflegum reglum um fyrirkomulag veitingar viðurkenningarinnar var breytt lítillega árið 2002 en í ljósi reynslunnar hafa reglurnar nú verið uppfærðar í því skyni að gera verklag þjálla.